



Reykjavík, 25.2.2021
USK2021010144

Skipulags- og samgönguráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sameiningar grunnskóla í norðanverðum Grafarvogi

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 21. janúar 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins spyr um hver er staðan á þeim framkvæmdum sem lofað var í framhaldi af lokun Korpuskóla sem áttu að auka öryggi gangandi vegfaranda og nemenda sem þurfa að sækja skóla utan hverfisins?

Gangbrautir eru enn óupplýstar og umferðarhraði er enn of mikill.

Eins vill fulltrúi Flokks fólksins spyrja um hvort það sé ekki óheimilt að nota húsnæði í annað en því var ætlað nema til komi breyting á aðalskipulagi? Ef húsnæði er skipulagt sem skólahúsnæði að þá sé óheimilt að vera með aðra starfsemi í húsinu en skólastarf?

Af sama skapi ef húsnæði er skipulagt sem verslunarhúsnæði þá má ekki nota það sem íbúðir nema til komi breyting á skipulagi. Óskað er staðfestingar á þetta sé rétt skilið hjá fulltrúanum.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

Umsögn:

Þeim framkvæmdum sem ákveðið var að ráðast í til að auka öryggi gangandi vegfarenda í norðanverðum Grafarvogi, m.a. vegna lokunar Korpuskóla, er lokið.

Notkun á húsnæði þarf að samrýmast heimildum í deiliskipulagi og deiliskipulag þarf að vera í samræmi við aðalskipulag. Í aðalskipulagi eru skólahúsnæði á svæðum fyrir samfélagsþjónustu og miðast við almenna skilgreiningu slíkra svæða skv. skipulagsreglugerð, þ.e. skilgreining er ekki þrengd í aðalskipulaginu og miðuð eingöngu við t.d. starf grunnskóla. Fyrirhuguð notkun á skólahúsnæði þyrfti því að vera í samræmi við það sem heimilt er á svæðum fyrir samfélagsþjónustu.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er skilgreiningin á samfélagsþjónustu eftirfarandi: „Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eingaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar stofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila. (gr. 6.2.d. í skipulagsreglugerð).“ Þá segir jafnframt í aðalskipulagi að byggingarmagn, nýtingarhlutfall og nánari ákvarðanir um landnotkunarheimildir á svæðum fyrir samfélagsþjónustu sé almennt ákveðið í hverfis- og/eða deiliskipulagi nema annað sé tilgreint.

Í álitni borgarlögmanns í tengslum við ráðgerðar breytingar á skólahaldi í norðanverðum Grafarvogi, dags. 8. nóv 2019, sem lagt var fram á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. nóv



2019, segir að með landnotkunarákvörðun í skipulagi sé kveðið á um hvað sé heimilt að ráðstafa landi til nota á viðkomandi svæði en ekki hvað sé skylt að gera í þeim efnum. Ef t.d. verslun myndi leggjast af á tilteknu svæði, þá sé ekki nauðsynlegt að breyta deiliskipulagi eingöngu vegna þess. Að mati borgarlögmans þarf ekki að breyta deiliskipulagi áður, eða samhliða, því að grunnskólarekstri í Korpu verði hætt. Ef það lægi hins vegar fyrir að breyta ætti nýtingu lóðarinnar í veigamiklum atriðum, þyrfti að breyta deiliskipulagi og eftir atvikum aðalskipulagi því til samræmis.¹

Fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs,
Lilja Sigurbjörg Harðardóttir

¹ Álit borgarlögmans. „Beiðni um álit í tengslum við ráðgerðar breytingar á skólalaldi í norðanverðum Grafarvogi,“ dags. 8. nóvember 2019: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/174_2.8_alit_borgarlogmanns_i_tengslum_vid_radgerdar_breytingar_a_skolahaldi_i_grafarvogi.pdf